



Heilbrigðiseftirlit Suðurlands  
Austurvegi 65a, 800 Selfoss

kt. 4802840549 - Sími: 480 8250  
Netfang: hsl@hsl.is

# STARFSLEYFI

## Gröfujónusta Steins ehf

lagning aðveitulagnar fyrir neysluvatn á vatnsverndarsvæði  
Sveitarfélagsins Árborgar

Nafn og kt. rekstraraðila: **Gröfujónusta Steins ehf, kt. 5512032040**  
Heimilisfang: **Rauðholti 11, 800 Selfoss**

**Útgáfudagur: 11. júní 2025**

**Gildir til: 31. október 2025**

Starfsleyfi þetta er gefið út skv. ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir m.s.br., laga nr. 93/1995 um matvæli m.s.br., þegar um matvæli er að ræða og efnalaga nr. 61/2013 eftir því sem við á. Leyfishafi skal hlíta ákvæðum annarra laga og reglugerða settum skv. þeim sem um starfsemina kunna að gilda.

**Leyfið er einnig gefið út með neðangreindum starfsleyfisskilyrðum:  
Fyrir tímabundna mengandi starfsemi – lagningu aðveitulagnar fyrir neysluvatn á  
vatnsverndarsvæði Árborgar  
dags. 11. júní 2025**

Fyrirhugaðar breytingar á húsnæði, framleiðslu eða rekstri skulu gerðar í samráði við Heilbrigðiseftirlit Suðurlands. Við flutning eða eigendaskipti fellur starfsleyfið úr gildi, nema að nýr rekstraraðili sæki um að leyfið færst yfir á hans nafn. Ef fyrirtækið hættir rekstri skal það tilkynnast með formlegum hætti til Heilbrigðiseftirlits Suðurlands og fellur starfsleyfið þá úr gildi.


Framsal þessa leyfis er óheimilt. Skylt er að framvísa starfsleyfisskilyrðum þegar opinber eftirlitsaðili óskar þess.

Starfsleyfið skal hanga uppi á áberandi stað.

Starfsleyfið er gefið út tímabundið til 31. október 2025 en heimilt er að endurskoða það ef breytingar verða á starfsemi, rekstri eða staðsetningu að mati útgefanda.

Starfsleyfishafi skal greiða starfsleyfis- og eftirlitsgjöld skv. gildandi gjaldskrá.

Selfossi, 11. júní 2025

  
**Sigrún Guðmundsdóttir**  
framkvæmdastjóri



# STARFSLEYFISSKILYRÐI

fyrir tímabundna mengandi starfsemi – lagning  
aðveitulagnar fyrir neysluvatn

Gröfuþjónusta Steins ehf.

kt. 551203-2040

starfsstöð að Gagnheiði 23, Selfossi  
Rauðholti 11, 800 Selfoss

## 1. GILDISSVIÐ OG ALMENN ÁKVÆÐI

- 1.1 Starfsleyfisskilyrði þessi gilda fyrir framkvæmdum innan vatnsverndarsvæðis Sveitarfélags Árborgar vegna lagningar aðveitulagnar fyrir Sveitarfélagið Árborg innan eftirlitssvæðis Heilbrigðiseftirlits Suðurlands eins og það er skilgreint í 45. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir m.s.br.

Með vísun til 43. gr. samþykktar nr. 326/2002 um verndarsvæði vatnsbóla innan lögsagnarumdæma sveitarfélaganna á svæði Heilbrigðiseftirlits Suðurlands bs. og með vísun til 59. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir veitir Heilbrigðisnefnd Suðurlands leyfi til lagningar aðveitulagnar fyrir neysluvatn á vatnsverndarsvæði undir Ingólfssjalli. Áætluð verklok eru 31. október 2025.

- 1.2 Ef starfsleyfishafi er með annan starfsleyfisskyldan rekstur samhliða ofangreindri starfsemi gilda um hann viðeigandi starfsleyfisskilyrði.
- 1.3 Starfsleyfisskilyrði þessi eru gefin út af Heilbrigðiseftirliti Suðurlands í samræmi við ákvæði laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit.

Eintak af starfsleyfi og starfsleyfisskilyrðum skal ávallt vera tiltækt á vinnustað.

- 1.4 Starfsleyfishafi ber ábyrgð á rekstri fyrirtækis síns og er skylt að fara eftir þeim lögum og reglugerðum sem um starfsemina gilda á hverjum tíma, samþykktum viðkomandi sveitarfélags og eftir því sem nánar er fyrir mælt í starfsleyfisskilyrðum þessum.
- 1.5 Heilbrigðiseftirlit Suðurlands hefur eftirlit með ofangreindri starfsemi starfsleyfishafa samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og ákvæðum reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.
- 1.6 Útgefanda starfsleyfis er heimilt að endurskoða og breyta starfsleyfi áður en gildistími þess er liðinn vegna breyttra forsendna, t.a.m. ef í ljós kemur að mengun af völdum starfseminnar er meiri eða önnur en búast mátti við þegar leyfið var gefið út, ef breyting verður á rekstri fyrirtækisins er varðað getur ákvæði starfsleyfis, vegna tæknipróunar eða breytinga á reglum um mengunarvarnir, eða ef breyting verður á aðalskipulagi viðkomandi sveitarfélags.



Með mengun er átt við það þegar örverur, efni og efnasambönd og eðlisfræðilegir þættir valda óæskilegum og/eða skaðlegum áhrifum á heilsufar almennings, röskun lífríkis eða óhreinkun lofts, láðs eða lagar. Mengun tekur einnig til ólyktar, hávaða, titrings, geislunar og varmaflæðis.

- 1.7 Starfsleyfishafi skal veita Heilbrigðiseftirliti Suðurlands upplýsingar um fyrirhugaðar breytingar á starfseminni með góðum fyrirvara áður en í þær er ráðist. Sé um að ræða meiriháttar breytingu á rekstrinum eða breytingu sem gæti leitt til aukinnar mengunar að mati embættisins, ber starfsleyfishafa að sækja um starfsleyfi að nýju.
- 1.8 Standi verkefni lengur yfir en upphaflega var áætlað skal sækja um endurnýjun á starfsleyfi áður en gildandi starfsleyfi rennur út. Tilkynna skal heilbrigðiseftirliti þegar starfsemi er hætt.
- 1.9 Starfsleyfishafa er skylt að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að fyrirbyggja mengun ef rekstur er stöðvaður tímabundið og koma athafnasvæði fyrirtækisins í viðunandi horf, að mati heilbrigðiseftirlits, ef rekstur er endanlega stöðvaður og starfseminni hætt.
- 1.10 Rekstraraðili ber ábyrgð á umhverfistjóni eða yfirvofandi hættu á slíku tjóni af völdum starfseminnar, sbr. lög nr. 55/2012 um umhverfisábyrgð, og skal fyrirbyggja tjón eða bæta úr tjóni sem þegar hefur orðið og bera kostnað af ráðstöfunum sem af því leiðir.
- 1.11 Almenningur á rétt á upplýsingum um starfsleyfisumsókn og starfsleyfi í samræmi við ákvæði IV. viðauka reglugerðar nr. 550/2018. Eftirlitsaðili birtir þær upplýsingar sem og niðurstöður eftirlits opinberlega á vefsíðu sinni eða með öðrum aðgengilegum hætti.

## **2. VINNA AÐVEITULAGNA INNAN VATNSVERNDARSVÆÐA NEYSLUVATNSBÓLA**

- 2.1 Við lagningu aðveitulagnar innan vatnsverndarsvæða neysluvatnsbóla skal gæta sérstakrar varúðar við alla meðferð olíu og efna sem geta valdið mengun í neysluvatni.
- 2.2 Gera skal áhættumat fyrir lagningu aðveitulagna innan vatnsverndarsvæða og hafa viðbragðsáætlun vegna mögulegra mengunaróhappa tiltæka á verkstað. Ísogsbúnaður og/eða ísogsefni skal vera til staðar í eða við öll tæki sem ganga fyrir jarðefnaeldsneyti og/eða eru með vökvabúnað sem inniheldur olíur og nota við hreinsun minniháttar leka. Stærri leka, óhöpp og þegar um er að ræða hættu á bráðamengun skal tilkynna slökkviliði án tafar í gegnum neyðarsíma 112. Jafnframt skal hefja viðeigandi aðgerðir skv. viðbragðsáætlun til að koma í veg fyrir eða draga úr áhrifum mengunarinnar.
- 2.3 Allar vélar og tæki sem ganga fyrir jarðefnaeldsneyti og/eða eru með vökvabúnaði sem inniheldur olíur skulu hafa staðist þéttleikaprófun áður en þau eru notuð innan brunnon- og/eða grannsvæða vatnsverndar. Jafnframt skal yfirfara og lekaskoða allar vélar og tæki með reglubundnum hætti á meðan á jarðboruninni stendur og sjónskoða ekki sjaldnar en mánaðarlega.
- 2.4 Geymsla olíu og olíuefna sem og áfyllingar olíu og olíuefna á vélar og tæki er óheimil innan brunnon- og/eða grannsvæðis vatnsverndar.
- 2.5 Allar vélar og tæki skal flytja af vatnsverndarsvæðum til viðhalds og viðgerða. Aðeins allra brýnustu aðgerðir til að forða tjóni á vélum og tækjum og/eða mengun umhverfis og/eða neysluvatns má fara fram innan skilgreindrar vatnsverndar. Verði óhapp sem leiðir til þess að olía lekur niður skal bregðast við í samræmi við viðbragðsáætlun, sbr. gr. 2.2 og 4.2.



### 3. UMHVERFI

- 3.1 Við reksturinn skal leitast við að lágmarka álag á umhverfið. Fyrirtækið skal setja sér umhverfismarkmið og starfa samkvæmt þeim og skipuleggja orku- og efnanotkun á sem vistvænastan hátt.
- 3.2 Starfsleyfishafi getur valið að vinna eftir viðurkenndu umhverfisstjórnunarkerfi, kjósi hann það. Velja má staðlað umhverfisstjórnunarkerfi, t.d. ISO 14001, eða þátttöku í umhverfisstjórnunarkerfi ESB, sbr. reglugerð nr. 344/2013 um frjálsa þátttöku fyrirtækja og stofnana í umhverfisstjórnunarkerfi Evrópusambandsins (EMAS).
- 3.3 Starfsleyfishafa er skylt að sjá um að á framkvæmdasvæðum sé gætt fyllsta hreinlætis og að umhverfi sé haldið snyrtilegu. Allar vélar og tæki, hræfni og annað það er starfseminni tilheyrir, skal þannig frá gengið að ekki valdi óþrifum eða óþægindum fyrir umhverfi.
- 3.4 Við framkvæmdir, flutning og/eða tímabundna geymslu efna innan svæða sem njóta sérstakrar verndar skv. lögum og/eða ákvæðum aðalskipulags, s.s. vegna náttúru-, vatns- og/eða hverfisverndar, skal starfsleyfishafi gæta sérstakrar varúðar og gera allar þær ráðstafanir sem nauðsynlegar þykja til að koma í veg fyrir óæskileg og/eða óafturkræf áhrif á umhverfi og/eða lífriki af völdum starfseminnar.
- 3.5 Starfsleyfishafa er skylt að ganga þannig frá framkvæmdasvæðum að þau séu færð sem næst upprunalegu ástandi og að þau séu ekki til varanlegra lýta í umhverfinu.
- 3.6 Mengist jarðvegur vegna starfseminnar er starfsleyfishafi ábyrgur fyrir því að jarðvegurinn sé meðhöndlaður í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 1400/2020 um mengaðan jarðveg.

### 4. MENGUNARVARNIR

- 4.1 Starfsleyfishafi skal eins og kostur er fyrirbyggja eða draga úr mengun lofts, láðs og/eða lagar sem kann að stafa frá starfsemi fyrirtækisins með viðeigandi aðferðum og mengunarvarnarbúnaði. Starfsleyfishafi skal beita samþættum mengunarvörnum þar sem það á við, svo að ráðstafanir til að draga úr tiltekinni mengun í einum viðtaka valdi ekki eða auki mengun í öðrum. Beita skal bestu aðgengilegu tækni (BAT) við mengunarvarnir í þeim tilvikum sem hún hefur verið skilgreind.
- 4.2 Olíuáfyllingar ábifreiðar og flutningatæki skulu fara fram utan vatnsverndarsvæðis. Þær skulu að jafnaði fara fram á viðurkenndum afgreiðslustöðum fyrir edsneyti. Aðeins tæki, s.s. ýtur og gröfur, sem ekki geta með góðu móti farið út af vatnsverndarsvæðinu til olíuáfyllinga mega fá olíu á framkvæmdasvæðinu.

Olíubifreiðum skal fylgt frá Suðurlandsvegi að framkvæmdasvæði. Að hámarki skulu 6000 lítrar vera í olíutanki olíubifreiðar.

Í upphafi verktíma skulu liggja fyrir samþykktar verklýsingar er varða m.a. framkvæd olíuáfyllinga á ýtur, gröfur og önnur tæki sem viðurkennt er að erfitt sé að flutja út af svæðinu til olíuáfyllinga. Verklýsing skal a.m.k. ná til:

- Þegar olíubifreið lætur olíu á neyslugeymi (sbr. ákvæði rgl. 884/2017).
- Þegar olíubifreið setur beint á tæki.



- Þegar olía er flutt að og sett á tæki með „olíukálfí“ eða frá olíuflutningsgeymi en slikt skal því aðeins gert að öðrum leiðum verði ekki viðkomið.

Leyfishafi skal í upphafi verks áætla notkun á mótaolíu og halda skrá um raunnotkun og innihald hennar.

### Tækjakostur og mengunarvarnir

4.3 Meðan á framkvæmdum stendur skal leyfishafi halda skrá yfir þau tæki (t.d. grófur, ýtur og flutningstæki), sem notuð eru eða áförmáð er að nota við verkið. Skrána á að uppfæra eftir þörfum. Þá skíl leyfishafi leggja fram vottorð, frá aðila sem heilbrigðiseftirlitið samþykkir, er staðfestir að umrædd tæki hafi farið í lekaskoðun á árinu 2025 og staðist hana. Í tækjum skal vera afrit af niðurstöðum lekaskoðunar. Sama gildir um önnur þungavinnutæki, s.s. steypubifreiðar, steypuðælur og krana sem kunna að koma að einstökum verkþáttum.

4.4 Þrif á tækjum skulu fara fram utan vatnsverndarsvæðis.

### Sorp og annar úrgangur

4.5 Sorp og annan úrgang skal geyma í þar til gerðum ílátum og ver að flytja hann út af svæðinu til endurnýtingar eða förgunar eftir því sem við á. Við meðferð úrgangs skal fara að ákvæðum reglugerðar nr. 803/2023 um meðhöndlun úrgangs m.s.br., reglugerðar nr. 1078/2015 um endurnýtingu úrgangs og reglugerðar nr. 806/1999 um spilliefni eftir því sem við á.

4.6 Öll söfnun, urðun, brennsla eða önnur meðferð úrgangs á athafnasvæði fyrirtækisins er óheimil. Allan úrgang skal flytja reglulega til endurvinnslu eða förgunar hjá viðurkenndum móttökuaðilum sem hafa til þess tilskilin starfsleyfi. Þegar úrgangi sem flokkast sem spilliefni er skilað til flutningsaðila eða móttökustöðvar, skal sá sem skilar úrganginum fá afhenta kvittun fyrir skilunum þar sem fram kemur nafn beggja aðila, magn og gerð spilliefnanna ásamt dagsetningu skilanna.

### Meðferð efna

4.7 Hættuleg efni og efnablöndur skulu meðhöndluduð af sérstakri varúð og þess vandlega gætt að þau hvorki berist í andrúmsloft, jarðveg, yfirborðsvatn né grunnvatn eða geti á annan hátt valdið umhverfisskaða eða heilsutjóni almennings.

4.8 Starfsfólk skal hafa fullnægjandi þekkingu á eitrunarhættu og eiginleikum þeirra efna sem það vinnur með og skulu upplýsingar þar að lútandi ávallt vera tiltækar á vinnustaðnum. Öryggisblöð vegna hættulegra efna skulu vera á íslensku.

4.9 Starfsleyfishafi skal eins og kostur er draga úr notkun hættulegra efna og myndun spilliefna, m.a. með notkun umhverfisvottaðra staðgengilsefna, endurnýtingu eða endurhæfingu efna.

### Hávaði

4.10 Takmarka skal hávaða frá starfseminni eins og kostur er og þess gætt að hann valdi ekki ónæði eða óþægindum í nærliggjandi umhverfi. Hávaði skal ekki fara yfir tilgreind viðmiðunarmörk fyrir hávaða frá atvinnustarfsemi, sbr. reglugerð nr. 724/2008 um hávaða.

### Loftmengun



- 4.11 Koma skal í veg fyrir eða draga úr loftmengun frá athafnasvæði fyrirtækisins eftir því sem kostur er með viðeigandi mengunarvarnarbúnaði, sbr. gr. 3.1, og þess gætt að ryk, reykur og lyktarmiklar og/eða skaðlegar lofttegundir valdi ekki óþægindum eða hættu í nærliggjandi umhverfi.

## 5. EIGIÐ EFTIRLIT OG SKRÁNINGAR

- 5.1 Starfsleyfishafi skal viðhafa eigið eftirlit og halda skrá um atriði er varða m.a.:

- fyrirkomulag og eftirlit með mengunarvörnum fyrirtækisins, þ.m.t. reglubundnar hreinsanir og viðhald mengunarvarnarbúnaðar,
- óhöpp eða slys sem hafa í för með sér losun mengandi efna, hvort sem er í loft, jarðveg, yfirborðsvatn, grunnvatn eða fráveitu,
- tegundir og magn hættulegra efna sem notuð eru í rekstrinum,
- skil úrgangs og spilliefna til móttökustöðva.

Eftirlitsaðili skal ávallt hafa greiðan aðgang að framangreindum upplýsingum.

## 6. TILKYNNINGASKYLDIA

- 6.1 Tilkyンna skal heilbrigðiseftirliti um öll meiriháttar frávik í rekstrinum sem geta haft umtalsverð áhrif á umhverfið og/eða varðað almannaeill, sbr. gr. 2.2.

## 7. VALDSVIÐ OG ÞVINGUNARÚRRÆÐI

- 7.1 Ef rekstraraðili fylgir ekki ákvæðum starfsleyfis eða fyrirmælum eftirlitsaðila getur heilbrigðisnefnd beitt ákvæðum XVII kafla laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 til að knýja á um framkvæmd úrbóta. Heilbrigðisnefnd er þannig heimilt að veita tilhlýðilegan frest til úrbóta, veita áminningu og ákveða rekstraraðila dagsektir sinni hann ekki tilmælum stofnunarinnar. Jafnframt er nefndinni heimilt að stöðva eða takmarka starfsemi rekstaraðila sé um að ræða ítrekuð brot eða alvarlegt tilvik.

## 8. GILDISTAKA OG GJALDSKYLDIA

- 8.1 Starfsleyfi þetta er veitt tímabundið til 31. október 2025, í samræmi við 6. grein laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 og ákvæði reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit og öðlast gildi við birtingu.
- 8.2 Starfsleyfishafi greiðir árlegt eftirlitsgjald samkvæmt gjaldskrá Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, eins og hún er hverju sinni.

Selfossi, 11. júní 2025

F.h. Heilbrigðiseftirlits Suðurlands

Sigrún Guðmundsdóttir,  
heilbrigðisfulltrúi /framkvæmdastjóri



## Fylgiskjal 1

Greinargerð vegna auglýsingar á starfsleyfistillögu og útgáfu starfsleyfis fyrir

**Gröfubjónusta Steins ehf**

kt. 551203-2040

**Rauðholti 11, 800 Selfoss**

**vegna tímabundinnar mengandi starfsemi – lagningu aðveitulagnar fyrir neysluvatn á vatnsverndarsvæði Árborgar.**

### **1. Aðdragandi að auglýsingu starfsleyfistillögu**

Heilbrigðisnefnd Suðurlands barst þann 12. maí sl. umsókn Steins Þórarinssonar kt. 1203684949, f.h. Gröfubjónusta Steins ehf., kt. 551203-2040, um starfsleyfi fyrir starfsleyfi fyrir ofangreinda starfsemi.

Um er að ræða tímabundið leyfi og var móttaka umsóknar auglýst samdægurs á heimasíðu Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, [www.hsl.is](http://www.hsl.is).

Umsóknin var metin fullnægjandi og í framhaldinu var unnin tillaga að starfsleyfi í samræmi við ákvæði 8. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit. Þar koma fram, eftir því sem við á hverju sinni, ákvæði um viðmiðunarmörk, orkunýtingu, meðferð úrgangs, mengunarvarnir, tilkynningaskyldu vegna óhappa og/eða slysa, innra eftirlit, vöktun, eftirlitsmælingar og rannsóknir svo og rekstur og viðhald mengunarvarnarbúnaðar.

### **2. Umsögn skipulags- og byggingafulltrúa**

Skv. 6. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit skal nýr atvinnurekstur vera í samræmi við gildandi deiliskipulag. Deiliskipulag þarf þó ekki að vera til staðar vegna atvinnurekstrar enda samrýmist starfsemin gildandi aðalskipulagi hvað varðar landnotkun og byggðaþróun og sé í samræmi við samþykkta notkun fasteignar. Skal útgefandi starfsleyfis leita umsagnar viðkomandi skipulagsfulltrúa og byggingafulltrúa um þessa þætti.

Þann 23. apríl sl. bárust Heilbrigðiseftirliti Suðurlands upplýsingar um að framkvæmdaleyfi lægi fyrir hjá sveitarfélagini sem væri samþykkt af embætti skipulags- og byggingafulltrúa Sveitarfélagsins Árborgar og var það metið fullnægjandi fyrir rútgáfu starfsleyfis.

### **3. Málsmeðferð skv. lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana**

Þessi tegund starfsemi er ekki háð málsmeðferð skv. lögum nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana.



#### **4. Opinber auglýsing á starfsleyfistillögu**

Skv. ákvæði 6. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit skal útgefandi starfsleyfis auglýsa opinberlega á vefsíðu sinni tillögur að starfsleyfi, þ.e. hvers efnis þær eru og hvar megi nálgast þær. Heimilt er að gera skriflegar athugasemdir við tillögur útgefanda starfsleyfis innan fjögurra vikna frá auglýsingu.

Í samræmi við ofangreint ákvað Heilbrigðiseftirlit Suðurlands í umboði heilbrigðisnefndar Suðurlands að auglýsa tillögu að starfsleyfi fyrir lagning aðveitulagnar fyrir neysluvatn á vatnsverndarsvæði Sveitarfélagsins Árborgar á vegum Gröfubjónustu Stens ehf. á heimasíðu sinni. Auglýsingin var birt þann 13. maí sl. og var frestur til að gera athugasemdir auglýstur fjórar vikur frá birtingu auglýsingarinnar. Rann fresturinn út þann 10. júní sl.

#### **5. Athugasemdir sem bárust á auglýsingatíma**

Engar athugasemdir bárust við auglýsta tillögu að starfsleyfi og engar breytingar voru gerðar á tillögu að starfsleyfi frá auglýstri tillögu.

#### **6. Ákvörðun heilbrigðisnefndar Suðurlands um útgáfu starfsleyfis**

Með vísun í grein 6.1. tl. 1 í samþykkt nr. 1270/2021 er hér með gefið út starfsleyfi fyrir ofangreint og verður útgáfan kynnt á 245. fundi Heilbrigðisnefndar Suðurlands sem hefur verið boðaður þann 20. júní nk. og ákveðið að starfsleyfi fyrir starfsemina verði gefið út til 31. Október nk. í samræmi við umsókn þar sem engar athugasemdir bárust á auglýsingatímanum.

#### **7. Kæruleið og kærufrestur**

Samkvæmt 1. mgr. 65. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, er heimilt að vísa ákvörðun heilbrigðisnefndar í máli þessu til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Um aðild, kærufrest, málsmeðferð og annað er varðar kæru til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála fer skv. lögum nr. 130/2011 um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála. Kæra til úrskurðarnefndarinnar frestar ekki réttaráhrifum ákvörðunarinnar, sbr. 5. gr. ofangreindra laga. Frestur til að vísa málinu til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála er einn mánuður frá því kæranda varð kunnugt eða mátti vera kunnugt um ákvörðunina. Kæra skal vera skrifleg og undirrituð.

Selfossi, 11. júní 2025

F.h. Heilbrigðiseftirlits Suðurlands,



Sigrún Guðmundsdóttir  
framkvæmdastjóri